

Námsþáttur	1. bekkur	2.-3. bekkur	4.-5. bekkur	Aðferðir / efni / minnispunktar??
Talað mál, hlustun og áhorf	<p>Við lok 4. bekkjar á nemandi að geta:</p> <ul style="list-style-type: none"> • beitt skýrum og áheyrilegum framburði, tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu, • sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið, • hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni, • nýtt sér og endursagt efni á afrænu formi, • átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi 			
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"> • Kann nokkrar einfaldar vísur, þulur og ljóð. • Getur endursagt sögur. • Getur sagt frá sínu daglega lífi • Getur hlustað á frásögn annarra. 	<ul style="list-style-type: none"> • Fer eftir reglum sem gilda í samræðum (2. Bekkur) • Hlustar á upplestur ljóða, barnabóka og fróðleikstexta (2 bekkur) • Getur farið eftir munnlegum fyrirætlum (3 bekkur) • Getur lesið stutta sögu fyrir aðra.(3 bekkur) 	<ul style="list-style-type: none"> • Hefur skýran og áheyrilegan framburð í upplestri (4. bekkur) • Getur tjáð skoðanir sínar. (4 bekkur) • Getur beitt mismunandi tilbrigðum við raddlestur. (5 bekkur) • Hlustar og tekur þátt í umræðum um námsefni (5 bekkur) 	
Lestur og bókmenntir	<p>Við lok 4. bekkjar á nemandi að geta:</p> <ul style="list-style-type: none"> • beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr, • nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi, • tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess, • valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings, • lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum, • beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap, • beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu, • aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi, • lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum, • valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju. 			
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"> • Kann alla íslensku bókstafina og hljóð þeirra. • Getur fundið fjölda atkvæða í orði. • Getur greint fyrsta, síðasta og miðhljóð í þriggja stafa orðum. • Getur tengt allt að fjögur hljóð í orði. • Þekkir algengar orðmyndir. • Les og parar mynd við orð. • Getur lesið einfaldan texta a.m.k. þriggja orða setning. • Raddlestur, les 50 atkvæði.???? • Þekkir hugtakið sögupersóna. 	<ul style="list-style-type: none"> • Svarar munnlega spurningum úr lesnu efni. (2 bekkur) • Raddlestur ????? (2 bekkur) • Greinir og les rétt tvöfaldan samhljóða í orðum. (2. bekkur) • Spáir fyrir um framhald efnis (2 bekkur) • Raddlestur, les 70-150 atkvæði.(3 bekkur) • Kann lestrarmerkin punkt og spurningarmerki og tekur tillit til þeirra í lestri. (3. bekkur) • Dregur aðalatriði út úr texta. (3 bekkur) • Spyr spurninga úr efnisgreinum. (3 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur nýtt sér og endursagt aðalatriði texta eða frásagnar sem hlustað hefur verið á, lesið eða horft á. (4 bekkur) • Þekkir hugtökin söguþræður og boðskapur. (4 bekkur) • Getur dregið eigin ályktun út frá texta. (4 bekkur) • Raddlestur 80-120 orð á mínútu (4. bekkur). • Raddlestur 90-140 orð á mínútu (5. bekkur). • Þekkir nokkur hugtök í bragfræði. (5. Bekkur) • Kann að afla sér upplýsinga úr bókum og af veraldarvefnum. (5 bekkur) 	

		<ul style="list-style-type: none"> • bekkur) 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur lesið úr einföldum skýringarmyndum og kortum. (5 bekkur)
Ritun	Við lok 4. bekkjar á nemandi að geta: <ul style="list-style-type: none"> • dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega, • nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi, • samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð, • beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi, • nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis, • skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu • skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda. 		
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"> • Getur skrifað einfalda frásögn eftir mynd (3-4 málsgreinar). • Getur unnið einföld ritunarverkefni í tölvu, t.d. stafi og orð. • Gerir greinarmun á stórum og litlum staf. 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur skrifað einfaldan texta hjálparlaust og lesið hann upp fyrir aðra. (2. bekkur) • Getur unnið einföld ritunarverkefni í tölvu, t.d. orð og málsgreinar (2. bekkur). • Getur dregið rétt til stafs. Snýr stöfum rétt og bil er á milli orða. (2. bekkur) • Getur unnið einföld ritunarverkefni í tölvu, t.d. orð, málsgreinar og stuttar sögur (3. bekkur). • Getur skrifað sögu með upphafi, miðju og enda. (5- 10 málsgreinar) (3. bekkur) • Setur punkt í lok málsgreina.(3 bekkur) • Getur gert einfalt hugtakakort um þekkt efni, hjálparlaust. (3. bekkur) 	<ul style="list-style-type: none"> • Þekkir byggingu texta, s.s. upphaf, meginmál og endir. (hálf til ein blaðsíða) (4. Bekkur) • Getur notað stafsetningarregluna um stóran og lítinn staf. (4 bekkur) • Skrifar margvíslega texta í ritvinnsluforritum. (4 bekkur) • Getur skrifað texta sem hæfir efni, t.d. fréttir, sendibréf, fyrirmæli, frásögn og lýsingar. (5 bekkur) • Getur notað stafsetningarregluna um – ng og –nk. (5. Bekkur)
Málfræði	Við lok 4. bekkjar á nemandi að geta: <ul style="list-style-type: none"> • beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska, • þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein, • raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag, • gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða, • leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu, • búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta, • greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta, • leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki, • gerir sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði. 		
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"> • Veit hvað stafur, orð og málsgrein er. • Getur búið til einföld samsett orð. • Kann íslensku stafrófsvísurnar. • Getur rímað og farið í orðaleiki. • þekkir sérhljóða og samhljóða 	<ul style="list-style-type: none"> • Þekkir nafnorð (2. Bekkur) • Þekkir samnöfn og sérnöfn (2. Bekkur) • Þekkir samsett orð (2 bekkur) • Getur raðað í stafrófsröð. (2. bekkur) • Þekkir andheiti og samheiti. (3 bekkur) • Þekkir sérnöfn og samnöfn. (3 bekkur) • Getur nýtt sér stafrófið við ýmsa vinnu, 	<ul style="list-style-type: none"> • Skrifar spurnarorð með hv – (4. bekkur). • Skrifar stóran staf í sérnöfnum (4. bekkur). • Setur punkt og spurningarmerki á viðeigandi staði. (5 bekkur) • Þekkir kyn og tölu nafnorða (4. bekkur). • Greinir og skrifar tvöfaldan samhljóða

		<p>t.d. leit og skipulag. (3. bekkur)</p> <ul style="list-style-type: none"> • Þekkir málsgrein þ.e. að málgrein byrjar á stórum staf og endar á punkti. (3 bekkur) 	<p>(5. bekkur).</p> <ul style="list-style-type: none"> • Getur bætt greini við nafnorð og nýtt sér minn og mín regluna til þess (5. bekkur). • Þekkir heiti falla og getur fallbeygt nafnorð (5. bekkur). 	
--	--	---	---	--

Námspáttur	6.-7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur	Aðferðir / efni / minnisþingar??
Talað mál, hlustun og áhorf	<p>Við lok 7. bekkjar á nemandi að geta:</p> <ul style="list-style-type: none"> • tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar, • tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar, • tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum, • hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum, • nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýnninn hátt, • átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi. 	<p>Við lok 10. bekkjar á nemandi að geta:</p> <ul style="list-style-type: none"> • flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas, • gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall, hrynjandi og fas og lagað það að viðtakanda og samskiptamiðli á fjölbreyttan hátt, m.a. með leikrænni tjáningu, • nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðil sem hentar, • hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni, • nýtt sér fjölmiðla, svo sem útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni, og tekið afstöðu til þess sem þar er birt, • átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi. 			
Nemandi :	<ul style="list-style-type: none"> • Getur gert grein fyrir skoðunum sínum og rökstutt þær.(6.bekkur). • Getur flutt laust og bundið mál upphátt, með viðeigandi áherslum og túlkun.(7.bekkur) • Getur hlustað og nýtt sér upplýsingar sem aflað er á fjölbreyttan hátt, í töluðu máli. (7.bekkur) 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur kynnt verkefni munnlega. • Getur beitt virkri hlustun á bekkjarfundi. • Getur hrósað/þakkað á bekkjarfundi. • Þekkir góða framsögn og veit í hverju góður framburður felst. • Getur hlustað, tekið eftir 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur kynnt verkefni sín munnlega og nýtt texta, tónlist eða myndefni sér til stuðnings. • Getur tjáð eigin skoðanir á bekkjarfundum. • Virðir skoðanir annarra á bekkjarfundum. 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur kynnt verkefni munnlega, nýtt texta, tónlist eða myndefni sér til stuðnings og svarað spurningum um verkefnið. • Getur tekið gagnrýna afstöðu til fjölmiðlaefnis. • Getur tjáð skoðanir sínar á málefnalegan hátt. • Getur stýrt bekkjarfundi. 	

		og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar.	<ul style="list-style-type: none"> • Getur beitt jafningjamati við kynningu verkefna. • Getur notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni. 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni. 	
Lestur og bókmenntir	<p>Við lok 7. bekkjar á nemandi að geta:</p> <ul style="list-style-type: none"> • lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað, • notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta, • greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta, • lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann, • lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum, • greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap, • beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap, • aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga, • lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær, • valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju. 	<p>Við lok 10. bekkjar á nemandi að geta:</p> <ul style="list-style-type: none"> • lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað, • skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi, • og m.a. valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur, • greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða, • gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og gert öðrum grein fyrir því, • lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta, • beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði og kannast við myndmál, algengustu tákni og stílbrogð, • notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum, • leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og lagt mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis, og tekið gagnrýna afstöðu til þess, • unnið úr tölulegum og myndrænum upplýsingum, túlkað þær, tengt saman efni sem sett er fram á ólíkan hátt og nýtt sér, • valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að 			
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"> • Getur dregið einfaldar ályktanir af því sem hefur 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur samið efnisspurningar fyrir og 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur beitt ólíkum lestraraðferðunum. 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur lesið fjölbreytta bókmenntatexta og unnið 	

	<p>verið lesið án þess að það standi berum orðum. (6.bekkur)</p> <ul style="list-style-type: none"> • Getur aflað sér upplýsinga eftir mismunandi leiðum, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna.(6.bekkur) • Finnur upplýsingar úr töflum og áætlunum. (6.bekkur) • Raddlestur, les 220-230 atkvæði.(7.bekkur) • Getur nýtt sér efnisyfirlit og atriðaorðaskrá til að finna efni í texta. (7.bekkur) • Greinir bókmenntafræðileg hugtök svo sem aðal- og aukapersónur, tíma, sjónarhorn, sögusvið og boðskap. (7.bekkur) • Þekkir nokkur ljóðahugtök t.d. form og innihald ljóða, rím, ljóðstafir, hrynjandi, líkingar og boðskap.(7.bekkur) • 	<p>eftir lestur tiltekins texta.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Kann að beita gagnvirkum lestri og útbúa hugtakakort. • Getur lesið fjölbreytta bókmenntatexta og unnið margvísleg verkefni út frá honum, t.d. varðandi innihald og persónur. • Getur lesið a.m.k. 4 bækur í yndislestri. • Getur svarað spurningum úr lesnum texta. • Þekkir rím og ljóðstafi. 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur lesið fjölbreytta bókmenntatexta og unnið margvísleg verkefni út frá honum, t.d. varðandi innihald, persónur, sögusvið og túlkun. • Getur lesið a.m.k. 5 bækur í yndislestri. • Getur notað algeng hugtök í umfjöllun um bundið mál og óbundið, s.s. hrynjandi, rím, ljóðstafir OG myndmál. 	<p>margvísleg verkefni út frá honum, t.d. varðandi innihald, persónur, sögusvið, túlkun og boðskap.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Getur lesið a.m.k. 6 bækur í yndislestri. • Getur notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið, s.s. hrynjandi, rím, ljóðstafir, myndmál og túlkun. 	
<p>Ritun</p>	<p>Við lok 7. bekkjar á nemandi að geta:</p> <ul style="list-style-type: none"> • skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur, • valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni, • samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa, • beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim, • lesið texta og skoðað hann með það í huga að kanna hvernig höfundur skrifar og nýtt það við eigin ritun, • skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, 	<p>Við lok 10. bekkjar á nemandi að geta:</p> <ul style="list-style-type: none"> • skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta, vísað til heimilda og skráð þær, • beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar, • tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og er óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun, • beitt reglum um rétttritun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu og gerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda, • valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi, • notað helstu aðgerðir við ritvinnslu, valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá svo sem reglur kveða á um, skrifað rafrænan texta og tengt texta, mynd og hljóð eftir því sem við á, gerir sér grein fyrir lesanda og miðar samningu við hann. 			

	<p>vísað til heimilda</p> <ul style="list-style-type: none"> • skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu. 				
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"> • Getur skrifað rafrænan texta og sett inn í hann myndir og hljóð og vitnað í heimildir.(6.bekkur) • Kann að nýta sér orðabækur og leiðréttingaforrit við réttritun. (6.bekkur) • Getur unnið kjörbókarritgerð eftir fyrirmælum a.m.k. 200 orð (6 bekkur) • Getur unnið kjörbókarritgerð eftir fyrirmælum a.m.k. 400 orð (7 bekk) • Getur gert útdrátt úr stuttum texta svo aðalatriði komi fram (7.bekkur). • Getur nýtt sér stofn orða við réttritun.(7.bekkur) • Byggir upp texta með málsgreinum og efnisgreinum í röklegu samhengi.(7.bekkur). 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur farið eftir leiðbeiningum um uppsetningu ritgerða, s.s. leturstærð, forsiða, línubil. • Getur skrifað áhugaverðan og persónulegan inngang að ritunarverkefnum. • Getur byggt upp spennandi og heildstæða 3 blaðsíðna ritgerð í röklegu samhengi. • Getur skrifað lokaorð í samræmi við textann. • Getur leitað eftir og nýtt sér 2 áreiðanlegar heimildir. • Getur skrifað heimildaritgerð, vitnað rétt í 2 heimildir og gert heimildaskrá samkvæmt reglum um skráningu heimilda. 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur byggt upp spennandi og heildstæða 4 blaðsíðna ritgerð í röklegu samhengi. • Getur notað greinaskil í ritun, mótað málsgreinar og efnisgreinar. • Þekkir setningu, málsgrein, efnisgrein og greinarmerki. • Getur leitað eftir og nýtt sér áreiðanlegar heimildir. • Getur skrifað heimildaritgerð, vitnað rétt í 3 skriflegar heimildir og gert heimildaskrá samkvæmt reglum um skráningar heimilda. • Tjáir rök fyrir hugmyndum sínum og skoðunum í texta. • Getur beitt reglum um réttritun eða nýtt bjargráð til þess að skila texta rétt rituðum. 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur byggt upp spennandi og heildstæða 5 blaðsíðna ritgerð í röklegu samhengi. • Getur leitað eftir og nýtt sér 4 áreiðanlegar heimildir. • Getur skrifað heimildaritgerð, vitnað rétt í 4 heimildir og gert heimildaskrá samkvæmt reglum um skráningu heimilda. • Þekkir setningu, málsgrein, efnisgrein og greinarmerki og beitir þeim rétt í ritun. • Getur valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi. 	
Málfræði	<p>Við lok 7. bekkjar á nemandi að geta:</p> <ul style="list-style-type: none"> • gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það, • notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun, • nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál, • áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og 	<p>Við lok 10. bekkjar á nemandi að geta:</p> <ul style="list-style-type: none"> • beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess, • valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið, gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og nýtt reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun, • flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðaböndum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna, • áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra, • notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt og gerir sér grein fyrir þýðingu lestrar, ekki síst bókmennta, í þessu skyni, • gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni. Áttar sig á staðbundnum, starfstengdum og aldurstengdum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og þekkir til helstu framburðarmállýskna, • áttað sig á skyldleika íslensku við önnur mál og að tungumál, þar á meðal íslenska, breytast ávallt. 			

	<p>óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra,</p> <ul style="list-style-type: none"> • notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta, • beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins, • beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað, • nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau í texta, • gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu. 				
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"> • Þekkir hugtökin nafnorð, lýsingarorð og sagnorð og gerir sér grein fyrir mismunandi hlutverki þeirra. (6.bekkur) • Getur stigbreytt lýsingarorð og kann heiti stiganna.(6.bekkur) • Þekkir nútíð og þátíð sagnorða. (6.bekkur) • Getur nýtt sér og tileinkað nýjan orðaforða í töluðu og rituðu máli. (7.bekkur) 	<ul style="list-style-type: none"> • Þekkir stofn orða og getur beitt þekkingu sinni í réttritun. • Þekkir einkenni fallorða, sagnorða og óbeygjanlegra orða. • Þekkir fornafnaflokkana – ÁSAPÓET. 	<ul style="list-style-type: none"> • Þekkir stofn orða og getur beitt þekkingu sinni í réttritun og skyldleika orða. • Þekkir hætti og myndir sagnorða. • Þekkir muninn á aðalsetningum og aukasetningum. • Þekkir einkenni óbeygjanlegra orða og helstu undirflokka. 	<ul style="list-style-type: none"> • Þekkir stofn orða og getur beitt þekkingu sinni í réttritun, skyldleika orða og orðmyndun. • Getur beygt sagnorð í kennimyndum. • Þekkir afleiddar myndir sagna. 	